

Nr. 089 / 11 Baldur og Maí SH 67**Nærri því árekstur****Baldur**

Skipaskr.nr. 2727
Smíðaður: Þýskalandi 1970 stál
Stærð: 925,1 brl. 1369,4 bt.
Mesta lengd: 63,25 m Skráð lengd: 58,72 m
Breidd: 12 m Dýpt: 3,8 m
Vél: 2 x M.A.K. 1836 kw, 1970
Fjöldi skipverja: 9
Fjöldi farþega:



Baldur ©Hilmar Snorrason

Maí SH

Skipaskr.nr. 6466
Smíðaður: Noregi 1983, plast
Stærð: 4,2 brl. 4,1 bt.
Mesta lengd: 7,95 m Skráð lengd: 7,2 m
Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,21 m
Vél: Perkins 53 kW, 1985
Fjöldi skipverja: 2



Maí©Alfons Finnsson

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. júní 2011 var Baldur og Maí SH 67 á siglingu skammt NNV af Stykkishólmi. Veður: N 5-6 m/s og gott skyggni.

Baldur var á suðurleið til Stykkishólms og Maí SH var á austurleið á siglingu milli veiðislóða. Skipstjórinn á Maí SH taldi sig sleppa fyrir framan Baldur og hélt fullri ferð en hætti svo við og beygði til stjórnborða til að forða árekstri.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá stjórnanda Maí SH að um 0,6 sml. hafi verið á milli skipanna þegar hann breytti stefnu;
- að stjórnandi Baldurs kvaðst hafa gert sér grein fyrir rétti Maí SH en taldi að stjórnandi hans mundi taka tillit til sín vegna ferðaáætlunar og stærðar skipsins. Fram kom að hann hefði minnkað ferð skipsins á sama tíma og stefnu var breytt á Maí SH.

Nefndarálit:

Ástæða atviksins er að vakthafandi skipstjórnamaður á Baldri fór ekki að siglingareglum.